

FUNDARGERÐ

Miðvikudaginn 23. september 2015 kl. 10:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómothúsi, fundarherbergi á 4. hæð, Sölvhólsgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðný Sverrisdóttir formaður, Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Elínu Gunnarsdóttur, Elínu Pálsdóttur og Guðna Geir Einarssyni.

Guðný Sverrisdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Sérstaklega bauð hún Hermann Sæmundsson skrifstofustjóra velkominn á fundinn. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ FRÁ 29. JÚNÍ 2015

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 29. júní sl. sem var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

ÁRSUPPGJÖR 2014

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagður var fram til kynningar endurskoðaður og undirritaður ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2014. Gerð var grein fyrir einstaka tekjuliðum, framlögum og rekstrarkostnaði sem fram koma í rekstrarreikningi, eignum og skuldum í efnahagsreikningi.

Á árinu 2014 nam tekjuafgangur Jöfnunarsjóðs 465,9 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir í árslok 2.492,9 m.kr. skammtímaskuldir 1.721,5 m.kr. og eigið fé 771,4 m.kr.

Innanríkisráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga höfðu staðfest ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2014 með áritun sinni, dags. 16. september 2015.

Endurskoðunarbréf Ríkisendurskoðunar verður lagt fram á fundi nefndarinnar í október og fer þá fram ítarlegri umfjöllun um einstaka þætti ársuppgjörnsins.

ÍÞYNGJANDI KOSTNAÐUR VIÐ SNJÓMOKSTUR Á ÁRINU 2014

Bolungarvíkurkaupstaður

Á fundi ráðgjafarnefndar 8. apríl sl. var lagt fram til kynningar erindi Bolungarvíkurkaupstaðar frá 1. apríl 2015, þar sem óskað er eftir sérstöku framlagi vegna verulega íþyngjandi kostnaðar við snjómokstur í þéttbýli sveitarfélagsins á árinu 2014 í samanburði við fyrri ár. Nefndin samþykkti að leggja til að afgreiðslu erindisins væri frestað og að það væri skoðað betur einkum með tilliti til kostnaðarauka annarra sveitarfélaga á snjóþyngstu svæðum landsins af mokstrinum milli árána 2013 og 2014.

Erindið var nú tekið fyrir á ný til umfjöllunar og afgreiðslu. Nefndin samþykkti að leggja til að úthlutað væri framlagi á grundvelli heimildarákvæðis í b-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010 að fjárhæð 1.241.290 kr. vegna íþyngjandi kostnaðar við snjómokstur á árinu 2014.

Með tilvísun til þessa væri framlag til Bolungarvíkurkaupstaðar vegna snjómoksturs á árinu 2014 hækkað um 35% eða úr 3.545.181 í 4.786.471 kr. og kostnaðaraukningu vegna mokstursins milli árána 2013 og 2014 komið niður í 200% úr 270% sé tekið tillit til framlags úr Jöfnunarsjóði á árinu 2014 vegna snjómoksturs.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN VERKEFNISINS

Fram kom að áætlað ráðstöfunarfjármagn verkefnisins á árinu 2015 næmi um 11.962,4 m.kr. Þar af væri óhafið framlag frá fyrri árum vegna NPA 86,4 m.kr. Áætluð gjöld verkefnisins á árinu næmu 11.739,1 m.kr. Óráðstafað væri því 223,3 m.kr. Ítarlegri umfjöllun verður um greiðslu- og rekstraráætlunina á fundi nefndarinnar í október.

ÚTTEKT Á REKSTRI BYGGÐASAMLAGA UM MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

Á grundvelli tillögu ráðgjafarnefndar á fundi nefndarinnar þann 11. september sl. voru fulltrúar frá R-3 Ráðgjöf, þeir Garðar Jónsson og Sigurður P. Sigmundsson, mættir á fundinn og kynntu skýrslur sem fyrirtækið hafði unnið í tengslum við úttekt á rekstri Byggðasamlags Vestfjarða og Byggðasamlagsins Rætur.

Byggðasamlag Vestfjarða

Byggðasamlagið annast rekstur málaflokksins á Vestfjörðum. Fram kom að rekstrarkostnaður byggðasamlagsins hefði aukist verulega á árunum 2011 – 2014 en almennt framlag úr Jöfnunarsjóði vegna þjónustu við fatlað fólk hefði hins vegar lækkað og þar lögju ýmsar ástæður að baki Kostnaður við búsetuúrræði hefði aukist mikið frá árinu 2012 og uppsafnaður halli byggðasamlagsins væri orðinn töluverður.

Fulltrúar R-3 gerðu grein fyrir þeim þáttum sem einna helst gætu verið orsök rekstrarvanda byggðasamlagsins. Jafnframt gerðu þeir grein fyrir tillögum sínum um mögulega hagræðingu í rekstri sem hugsanlega gætu leyst einhvern vanda og væru þær tillögur til skoðunar hjá byggðasamlaginu.

Byggðasamlagið – Rætur

Byggðasamlagið annast rekstur málaflokksins fyrir sveitarfélög á Norðurlandi vestra, Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð. Fram kom að Norðurland vestra hefði verið með samning við ríkið áður um rekstur málaflokksins. Meginvandinn þar væri að tekjur hefðu lækkað á meðan útgjöldin hefðu hækkað en litið væri á vandann sem tekjuvanda á þessu svæði.

Gerð var grein fyrir þeim þáttum er vega þyngst í rekstri byggðasamlagsins og fram kom að fjarlægðir innan svæðisins hefðu þar áhrif á.

Fulltrúar R-3 gerðu grein fyrir tillögum sínum um mögulega hagræðingu í rekstri byggðasamlagsins.

FJÁRHAGSVANDI BYGGÐASAMLAGS VESTFJARÐA

Ráðgjafarnefndin hélt áfram umfjöllun sinni um fjárhagsvanda byggðasamlagsins. Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að leggja til að beiðni um aðkomu Jöfnunarsjóðs að rekstrarvanda byggðasamlagsins verði tekin til afgreiðslu á næsta fundi nefndarinnar þann 16. október nk.

VIÐBÓTARFRAMLÖG 2015

Drög að reglum

Á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 631/2015 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 er heimilt að greiða sérstök viðbótarframlög til þjónustusvæða/sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga til að koma til móts við þau þjónustusvæði/sveitarfélög þar sem um verulega íþyngjandi kostnað er að ræða við málaflokkinn á árinu 2015 umfram tekjur.

Á grundvelli tillögu frá fundi nefndarinnar 11. september sl. voru á fundinum lögð fram til kynningar drög að nýjum reglum við úthlutun viðbótarframlaganna. Með nýjum reglum er lagt til að um verði að ræða eftirfarandi fjórar breytur við útreikning framlaganna:

- Lækkun framlaga milli ára
- Fjarlægðir frá kjarna sem hefur leiðandi hlutverk til annarra kjarna
- Fjöldi kjarna þar sem veitt er þjónusta
- Þróun framlaga frá upphafi

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að drögin að nýjum reglum væru unnin betur fyrir næsta fund nefndarinnar en ráðgert er að ljúka tillögugerð um úthlutun vibótarframlaganna á þeim fundi.

REGLUGERÐ UM FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK 2016

Á fundi ráðgjafarnefndar 11. september sl. var lagt fram til kynningar minnisblað, dags. 8. september 2015, þar sem tilgreind eru þau atriði sem helst þyrfti að skoða í tengslum við setningu nýrrar reglugerðar vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016.

Á grundvelli tillögu nefndarinnar voru nú lagðir fram til kynningar útreikningar á fjárhagslegum áhrifum 33% reglunnar svokölluðu og 80/20% skiptingarinnar við útreikning framlaganna.

Nefndin samþykkti að leggja til að fjárhagsleg áhrif framangreindra þátta í útreikningi almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk væru skoðuð betur fyrir næsta fund nefndarinnar.

MÁLEFNI REYKJADALS

Framtíðarskipulag – Beiðni um fund

Allt frá yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá 1. janúar 2011 hefur Reykjadalur, þar sem fram fer sumar- og orlofsdvöl fatlaðra, notið framlaga úr Jöfnunarsjóði á grundvelli samkomulags við innanríkisráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Um tvískipt samkomulag er að ræða:

- Annars vegar sá hluti er fellur undir yfirfærsluna og nemur hann á árinu 2015 29,5 m.kr.
- Hins vegar er um að ræða þann hluta er fellur undir tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og nemur hann 29,2 m.kr.

Samtals nemur því framlagið til Reykjadals 58,7 m.kr. á árinu 2015.

Í starfi verkefnisstjórnar um faglegt og fjárhagslegt endurmat á yfirfærslunni hefur möguleg fjármögnun verkefnisins til framtíðar verið rædd. Verkefnisstjórnin er sammála um þá tillögu að til framtíðar verði starfsemin í Reykjadal fjármögnuð á grundvelli sérstaks samnings við innanríkisráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eins og verið hefur og framlagið greitt af tekjum Jöfnunarsjóðs vegna yfirfærslunnar á málefnum fatlaðs fólks.

Í bréfi, dags. 15. september 2015, sem lagt var fram til kynningar á fundinum gerir framkvæmdastjóri Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, en félagið ber ábyrgð á rekstrinum í Reykjadal, grein fyrir fjárhagsstöðu verkefnisins og óskar eftir fundi með ráðgjafarnefndinni þar að lútandi.

ÖNNUR MÁL

Skipulagsbreytingar hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Hermann Sæmundsson greindi frá þeirri vinnu sem nú þegar væri hafin í tengslum við væntanlegar skipulagsbreytingar hjá Jöfnunarsjóði vegna breytinga á mannahaldi hjá sjóðnum.

Fram kom hjá Hermannni að nú lægi fyrir að Fjársýsla ríkisins yfirtæki greiðslur framlaga, bókhald og uppgjör sjóðsins frá og með næstu áramótum og væri undirbúningur formlega hafinn þar að lútandi. Stefnt væri að því að hafa þann þátt mála sjálfvirkari en hann er í dag. Hvað innri mál sjóðsins og starfsemi varðar þyrfti að huga að því hvernig verkstjórninni verði hagað og fyrirkomulagi verkefna sjóðsins.

Ráðgjafarnefndin kom inn á mikilvægi þess að ákveðinn aðili hjá sjóðnum hefði áfram yfirumsjón með samskipum við nefndina og aðra utanaðkomandi aðila.

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Rætt var um skipulag ársfundarins sem hófst kl. 16:00 þann sama dag.

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn 16. október nk. kl. 12:00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 13:30.

Elín Pálsdóttir